

## Breyting á deiliskipulagi miðbæjar frá 2001. Lækjargata 2 og Suðurgata 7.

Þann 12. desember 2019 hvað úrskurðanefnd Umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð sinn. Um er að ræða breytingu á *deiliskipulagi miðbæjar frá 2001, Lækjargata 2 og Suðurgata 7.*

Á fundi nefndarinnar var tekið fyrir mál nr. **125/2018**, kæra á ákvörðun bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 12. júlí 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7, Hafnarfirði. Niðurstaðan nefndarinnar er sú að ekki liggja fyrir neinir þeir form- eða efnisannmarkar sem leitt geta til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar aðrir en þeir sem áður hefur verið lýst vegna heimildar til að setja glugga og dyr á austurhlið hússins að Suðurgötu 7.

### Úrskurðarorð:

Felldir eru úr gildi breyttir skilmálar hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar fyrir lóðirnar Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7 um að heimilt sé að setja glugga og dyr á austurhlið hússins að Suðurgötu 7, að fengnu leyfi Minjastofnunar. Að öðru leyti stendur hin kærða ákvörðun óröskuð.

Af þessu leiðir að aðeins eru felldir út hluti skilmálar deiliskipulagsins, hvað varðar þau atriði sem koma fram úrskurðarorðum.

Úrskurð nefndarinnar er hægt að sækja á vefsíðu úrskurðarnefndarinnar, [www.uuuu.is](http://www.uuuu.is) eða með því að smella [hér](#).